

**Ed.**

## **201. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 4. gr. f. (64. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:

Útgerðarfirmtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá við ákvörðun skattskyldra tekna árið 1940 töp, sem orðið hafa á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939, samkv. eftirfarandi reglum: Tap, sem orðið hefur árin 1938 og 1939, má draga frá að fullu, en auk þess er útgerðarfélagunum heimilt að draga frá töp, sem orðið hafa á árunum 1931--1937, að báðum meðtöldum, þar til eigi hvíla hærri skuldir en svarar til 150000 kr. á hverjum togara og tilsvarendi fyrir önnur skip, samkv. nánari reglum, sem setja skal með reglugerð, og til matsverðs til eignarskatts samkv. 19. gr. laganna hvað snertir aðrar eignir firmtækjanna.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum.